

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík 3.október 2018

Magnveiðar á lunda í Málmei á Skagafirði.

Fuglavernd hafa borist áreiðanlegar upplýsingar um að lundi sé háfaður í miklu magni í Málmei á Skagafirði. Samkvæmt lögum nr. 64 frá 1994, þá mega einungis þeir veiða lunda í háf sem hafa hlunnindakort og samkvæmt sömu lögum er skilyrði fyrir útgáfu hlunnindakorts að verið sé að nýta hefðbundin hlunnindi.

Okkur hafa borist kvartanir frá heimamönnum yfir umfangi veiða í Málmei en veiðimenn í Veiðifélagi Drangeyjar stunda að þeirra sögn magnveiði í Málmei. Þar sem lundavarp í Málmei er tiltölulega nýlegt, hófst eftir 1994, þá getur engin hefð verið fyrir veiði þar í háf og veiðarnar þar því ólöglegar. Málmei er í eigu ríkisins.

Málmei er á skrá yfir alþjóðlega mikilvægar sjófuglabyggðir samanber fjölrít Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 55; http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

Við óskum hér með eftir upplýsingum um hvort viðkomandi aðilum hafi verið leyfðar veiðar af hálfu landeigenda (ríkisins), hver leyfði veiðarnar og með hvaða skilyrðum, ef einhverjum?

Við skorum jafnframt á Umhverfis og auðlindaráðherra að:

1. Móta stefnu um friðun og þar af leiðandi veiðar í alþjóðlega mikilvægum sjófuglabyggðum, þar mætti byrja á svæðum í ríkiseigu.
2. Stöðva veiðar á tegundum sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (þ.m.t. lunda s.b.r: <http://ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>).

Virðingarfyllt,
Stjórn Fuglaverndar